

# STJÓRNARSKIPTI Í SKÁTAFÉLAGI

VERKEFNALISTI TIL VIÐMIÐUNAR



## Innihald

Taka mynd af nýrri stjórn .....	2
Senda gögn til Skátamiðstöðvarinnar .....	2
Sakavottorðsheimildir .....	2
Fyrirliggjandi störf stjórnar .....	2
Fara yfir húsnæðismál félagsins .....	2
Lyklamál .....	2
Aðgangur að gagnageymslu félagsins .....	3
Búnaður og eignir félagsins .....	3
Uppfæra stjórn á Abler .....	3
Tilkynna um stjórnarskipti til RSK .....	3
Breyting á skráningu raunverulegra eigenda .....	3
Breyting á prókúru hjá bankanum .....	3
Breytingar á bankakortum .....	4
Hópur stjórna skátafélaga .....	4
Stefna BÍS og SSR.....	4



## Taka mynd af nýrri stjórn

Gaman er að hafa mynd með tilkynningunni um nýja stjórnarmeðlimi sem dreift er á vefsíðu skátafélagsins, samfélagsmiðlum og til Skátamiðstöðvarinnar.

## Senda gögn til Skátamiðstöðvarinnar

Stjórnarskipti er tilkynnt til Skátamiðstöðvarinnar og upplýsingar um nýja stjórn eru sendar á [skatarnir@skatarnir.is](mailto:skatarnir@skatarnir.is) ásamt afriti af sakavottorðsheimildum.

- Fullt nafn
- Kennitala
- Netfang
- Hlutverk

## Sakavottorðsheimildir

Prentað út sakavottorðsheimildir sem ný stjórn undirritar og sendir á Skátamiðstöðina. Hægt er að finna sakavottorðsheimildina ásamt fleirum eyðublöðum á heimasíðu Skátanna hér:

<https://skatarnir.is/rafraen-eydublod/>

## Fyrirliggjandi störf stjórnar

Fara yfir og útskýra þau verkefni sem voru á borði stjórnar, skammtímaverkefni og langtímaverkefni. Deila gögnum og upplýsingum um störf og verkefni stjórnar og félagsins.

## Fara yfir húsnæðismál félagsins

Fara yfir húsnæðismál, upplýsingar um ástandið á skátaheimilinu sjálfu og skátaskála ef félagið á. Hefur skátafélagið aðgang að öðrum húsnæðum eins og geymslum, gámum eða bílskúrum.

## Lyklamál

Fráfarandi stjórnarmeðlimir skila lyklunum sínum og nýir stjórnarmeðlimir fá lykla. Einnig mikilvægt að fara yfir hverjir hafa lyklavöld að heimilinu og hvar þau gögn eru að finna.



## Aðgangur að gagnageymslu félagsins

Ný stjórn fær aðgang að tölvupósti, gagnageymslum, skýrslum, myndasöfnum og félagatali félagsins, t.d. *Gmail, Outlook, Office, Google drive, Sharepoint, Cloud* eða í gegnum aðrar leiðir. Er félagið með aðgang að ýmsum forritum og miðlum sem þarf að deila með nýjum stjórnarmeðlimi eins og t.d. *Zoom, Canva, Facebook* eða *Instagram*. Ef félagið heldur utan um heimasíðu þarf líka að passa að ný stjórn hafi aðgang að henni, þá er hægt að nýta tækifærið og uppfæra stjórn á heimasíðu félagsins.

## Búnaður og eignir félagsins

Útbúa lista með upplýsingum um helsta búnað félagsins eins og t.d. útilegubúnað, tjöld, dagskrábúnað og öðrum eignum eins og tölum eða sjónvörpum.

## Uppfæra stjórn á Abler

Nýir meðlimir skrá sig inn í félagatal félagsins með því að sækja sér aðgang að forritinu Abler, hægt er að sjá leiðbeiningar um skráningu hér <http://help.sportabler.com/is/support/solutions>. Nýrri stjórn er síðan bætt inn í stjórnar hóp félagsins á Abler og kennt hvernig forritið virkar. Hægt er að fá frekari útskýringar og kennslu hjá erindrekum ef þess er óskað.

## Tilkynna um stjórnarskipti til RSK

Fylla út og skrifa undir eyðublað til ríkisskattstjóra sem tilkynnir um stjórnarskipti, hér er hægt að nálgast slíkt eyðublað : [https://www.skatturinn.is/media/rsk17/rsk\\_1742.is.pdf](https://www.skatturinn.is/media/rsk17/rsk_1742.is.pdf)

## Breyting á skráningu raunverulegra eigenda

Fara inn á þjónustuvef Skattsins og hefja breytingu á skráðum eigendum félagsins, hér eru nánari leiðbeiningar: <https://leidbeiningar.rsk.is/frodi/?cat=183&id=25156&k=6>

## Breyting á prókúru hjá bankanum

Hafa samband við banka félagsins og tilkynninga stjórnarskipti og biðja um breytingu á prókúru.



## Breytingar á bankakortum

Hafa samband við bankann og tilkynna stjórnarskipti og breyta þurfi kortum sem stílað er á fráfarandi stjórnarmeðlimi eða starfsmenn. Ef vilji er til að hafa kort á vegum félagsins þarf að sækja um kort fyrir þá aðila sem ákveðið er að hafi kort á vegum félagsins.

## Hópur stjórna skátafélaga

Nýjum meðlimum stjórnar er hleypt inn í Facebook hópin *hópur stjórna skátafélaga*. Þar inni er að finna alla stjórnarmeðlimi allra skátafélaga á Íslandi ásamt stjórn Bandalags íslenskra skáta og starfsfólk Skátamiðstöðvarinnar. Síðan er notuð í þeim tilgangi að auðvelda samskipti milli félaganna, stjórnarinnar og Skátamiðstöðvarinnar.

## Stefna BÍS og SSR

Ný stjórn kynnr sér stefnu BÍS og SSR ef við á, til þess að geta tryggt að áframhaldandi skátastarf félagsins starfi í anda skátahreyfingarinnar.

Stefna BÍS: <https://skatarnir.is/stefna/>

Heimasíða SSR: <https://ssr.is/>

